



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

**ÁHRIF PRÝSTIPRÓFANA 1972-1977 Á VATNS-
BORÐ Í BORHOLUM Í MOSFELLSSVEIT**

Porsteinn Thorsteinsson
Kristinn Einarsson

Unnið sem samvinnuverkefni
Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar

OS-90023/JHD-11 B

Júní 1990



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Verknr. 611001

**ÁHRIF ÞRÝSTIPRÓFANA 1972-1977 Á VATNS-
BORÐ Í BORHOLUM Í MOSFELLSSVEIT**

Þorsteinn Thorsteinsson
Kristinn Einarsson

Unnið sem samvinnuverkefni
Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar

OS-90023/JHD-11 B

Júní 1990

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	5
2. BORHOLUR Í MOSFELLSSVEIT	5
3. ÞRÝSTIPRÓFANIR	5
4. AFMÖRKUÐ SVÆÐI	6
5. EINSTAKAR ÞRÝSTIPRÓFANIR	7
6. NIÐURSTÖÐUR HEIMILDIR	23 23
VIÐAUKI. Ádælingar í holur MG-3 til MG-39	59

MYNDIR

1. Borholur í Mosfellssveit. Afstöðumynd	25
2. Borholur í Mosfellssveit. Afmörkuð svæði	26
3. Hola MG-12.	27
4. Hola MG-13.	28
5. Hola MG-14.	29
6. Hola MG-15.	30
7. Hola MG-16.	31
8. Hola MG-17.	32
9. Hola MG-18.	33
10. Hola MG-19.	34
11. Hola MG-20.	35
12. Hola MG-21.	36
13. Hola MG-22.	37
14. Hola MG-23.	38
15. Hola MG-24.	39
16. Hola MG-25.	40
17. Hola MG-26.	41
18. Hola MG-26.	42
19. Hola MG-27.	43
20. Hola MG-28.	44
21. Hola MG-29.	45
22. Hola MG-30.	46
23. Hola MG-32.	47
24. Hola MG-33.	48

25. Hola MG-34.	49
26. Hola MG-35.	50
27. Hola MG-36.	51
28. Hola MG-37.	52
29. Hola MG-37.	53
30. Hola MG-38.	54
31. Hola MG-38.	55
32. Hola MG-39.	56
33. Hola MG-39.	57

TÖFLUR

1. Hola MG-12. Dýptarbil og vatnsmagn	7
2. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-12	7
3. Hola MG-13. Dýptarbil og vatnsmagn	8
4. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-13	8
5. Hola MG-14. Dýptarbil og vatnsmagn	8
6. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-14	8
7. Hola MG-15. Dýptarbil og vatnsmagn	9
8. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-15	9
9. Hola MG-16. Dýptarbil og vatnsmagn	9
10. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-16	9
11. Hola MG-17. Dýptarbil og vatnsmagn	10
12. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-17	10
13. Hola MG-18. Dýptarbil og vatnsmagn	10
14. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-18	10
15. Hola MG-19. Dýptarbil og vatnsmagn.	11
16. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-19	11
17. Hola MG-20. Dýptarbil og vatnsmagn	11
18. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-20	12
19. Hola MG-21. Dýptarbil og vatnsmagn	12
20. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-21	12
21. Hola MG-22. Dýptarbil og vatnsmagn	13
22. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-22	13
23. Hola MG-23. Dýptarbil og vatnsmagn	13
24. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-23	13
25. Hola MG-24. Dýptarbil og vatnsmagn	14
26. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-24	14

27. Hola MG-25. Dýptarbil og vatnsmagn	14
28. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-25	14
29. Hola 26. Dýptarbil og vatnsmagn	15
30. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-26	15
31. Hola MG-27. Dýptarbil og vatnsmagn	16
32. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-27	16
33. Hola MG-28. Dýptarbil og vatnsmagn	16
34. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-28	16
35. Hola MG-29. Dýptarbil og vatnsmagn	17
36. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-29	17
37. Hola MG-30. Dýptarbil og vatnsmagn	17
38. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-30	18
39. Hola MG-32. Dýptarbil og vatnsmagn	18
40. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-32	18
41. Hola MG-33. Dýptarbil og vatnsmagn	18
42. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-33	19
43. Hola MG-34. Dýptarbil og vatnsmagn	19
44. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-34	19
45. Hola MG-35. Dýptarbil og vatnsmagn	20
46. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-35	20
47. Hola MG-36. Dýptarbil og vatnsmagn	20
48. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-36	20
49. Hola MG-37. Dýptarbil og vatnsmagn	21
50. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-37	21
51. Hola MG-38. Dýptarbil og vatnsmagn	22
52. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-38	22
53. Hola MG-39. Dýptarbil og vatnsmagn	22
54. Mælingaholur. Dýpi og fjarlægð frá MG-39	23

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er fjallað um ádælingar og þrýstingsárhif þeirra milli borhola í Mosfellssveit. Sérstaklega eru teknar fyrir 27 jarðhitaholur, sem voru boraðar með jarðbornum Dofra á árunum 1972-1977. Skýrslan var upphaflega unnin samkvæmt samningi Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar um samvinnuverkefni nr. 611116 1987 (OS-88006/JHD-02 B) en er nú gerð samkvæmt verksamningi um samvinnuverkefni 1989 um úrvinnslu ádælinga og vatnsborðsgagna úr sex jarðhitaholum, MG-32 og MG-35 til MG-39, sem boraðar voru í Mosfellsdal á árunum 1975-1977. Fimm nýju holanna eru staðsettar í Helgadal en ein, MG-37, er við Helgafell. Úrvinnsla úr síðastnefndu sex holunum hefur að miklu leyti verið felld inn í ádælingaskýrsluna OS-88006/JHD. Er það gert til þess að ganga megi að þeim ádælingagögnum, sem til eru, í samhengi á einum stað.

Ádælingarnar voru gerðar að aflokinni borun holanna með því að vatni var dælt með bordælum Dofra í ýmis dýptarbil ofan og neðan við þar til gerðan pakkara. Pakkarinn var settur hverju sinni í fyrirfram ákveðið dýpi með tilliti til vatnsæða sem fram höfðu komið í borun. Tilgangur ádælinganna var í fyrsta lagi að opna og hreinsa vatnsæðar sem stíflast höfðu af borsvarfi við holuveggi meðan á borun stóð og þar með auka afkastagetu holanna. Í öðru lagi gáfu ádælingarnar vísbendingu um útbreiðslu þrýstíhrifa ádælinganna, en þau voru könnuð með vatnsborðsmælingum í mælingaholum á svæðinu, bæði í þeim holum boruðum af Dofra, sem aðgengilegar voru, svo og eldri holum Hitaveitu Reykjavíkur.

2. BORHOLUR Í MOSFELLSSVEIT

Boranir eftir heitu vatni hófust í Mosfellssveit árið 1929 og var fyrsta holan 135 m djúp, boruð við Hlaðgerðarkot í Mosfellsdal með haglabor sem var í eigu íslenska ríkisins. Boranir vegna Hitaveitu Reykjavíkur hófust hinsvegar við Suður Reyki árið 1933. Fram til ársins 1960 höfðu alls 69 holur ver-

ið boraðar á vegum hitaveitunnar, 135-621 m djúpar, þar af 43 í Reykjadal en 26 í Mosfellsdal, auk nokkurra grynri hola sem boraðar voru fyrir einkaaðila í Mosfellsdal.

Holurnar voru þröngar, mest 164 mm í þvermál, og fóðringar stuttar, innan við 10 m í 35 fyrstu holunum í Reykjadal en nokkru lengri í seinni holum, lengst 54 m í SR-43 í Reykjadal. Í borun voru holurnar tölusettar nokkurn veginn í tímaröð og eru hér einkenndar með bókstöfunum SR-(1-43) í Reykjadal en NR-(1-26) í Mosfellsdal. Á myndum 1 og 2 eru þær af þessum holum sem notaðar voru til vatnsborðsmælinga við þrýstiprófanirnar merktar með opnum hringum en einkennisstöfum þeirra hefur verið sleppt til einföldunar myndanna. Dýpi holanna er skráð í töflum yfir mælingaholur í kafla 5.

Eftir tilkomu Jarðborsins Dofra voru í fyrstu, á árunum 1959 og 1962, boraðar tvær rannsóknarholur í Reykjadal, MG-1 (1377 m) og MG-2 (1191 m), en á árunum 1970-1977 voru síðan boraðar 37 vinnsluholur (800-2043 m) á Mosfellssveitarsvæðinu. Holur þessar voru ætlaðar til vinnslu og hafa síðan allar að einni undanskilinni (MG-28) verið virkjaðar með djúpdælum. Þær voru dýpri og víðari en eldri holurnar auk þess sem fóðringar þeirra voru mun lengri (114-387 m). Á myndum 1 og 2 eru holur Dofra sýndar með fylltum hringum og tölusettar í tímaröð en einkennisstöfunum MG (1-39) hefur verið sleppt sem fyrr. Dýpi holanna og fóðringalengdir eru skráð í töflu V.1 í viðauka.

3. ÞRÝSTIPRÓFANIR

Að aflokinni borun hveftrar síðasttöldu holanna, MG-3 til MG-39, að MG-8 einni undanskilinni, voru gerðar svokallaðar þrýstiprófanir á holunum. Þær eru fólgnar í því að vatni er dælt í holurnar með þrýstingi ofan eða neðan við þar til gerðan pakkara, sem festur hefur verið á borstöngum í fyrirfram ákveðnu dýpi í holunum. Neðan við

pakkarann er dælt gegnum borstengurnar í dýptarbilið milli pakkarans og botns holunnar, en ofan við hann er dælt frá holutoppi milli borstanga og fódningar í dýptarbilið milli neðri enda fódningar og pakkara. Þá er einnig hægt að dæla gegnum fódningu frá holutoppi í alla holuna, í bilið frá neðri enda fódningar til botns.

Vatnsmagn sem dælt er í holuna er mælt, ýmist með talningu dæluslaga eða beint með vatnshæðarmælingu í dælukeri. Þrýstingur er lesinn af þrýstimæli við holutopp á fódur-röri eða borstöngum eftir því hvort við á hverju sinni. Aflestrarnir endurspeglar rennslisviðnám í vatnsæðum dýptarbilanna sem dælt er í, en leiðrétt þarf fyrir rennslismótstöðu í borstöngum þegar dælt er undir pakkarann. Raunveruleg þrýstingshækkun sem orðið hefur í vatnsleiðurunum vegna ádælinganna er lesin sem bakþrýstingur eftir að dæling hefur verið stöðvuð. Í fjórum prófunum í Mosfellssveit (í MG-35 - MG-38) var þó þrýstingur mældur beint með þrýstimæli (Amerada), sem staðsettur var fyrir neðan pakkarann meðan á þrýstiprófun stóð.

Yfirlit yfir ádælingar í holur MG-3 til MG-39, að holu MG-8 undanskilinni, er að finna í töflu V.1 í viðauka. Skráð er holudýpi, fódringardýpi, dýptarbil, meðaldæling, dælingartími, mældur þrýstingur á holutoppi, útreiknaður þrýstingur undir pakkara og bakþrýstingur um það bil tveimur mínútum eftir að dæling hefur verið stöðvuð.

Megintilgangur þrýstiprófananna var að auka afkastagetu ádælingaholanna með því að hreinsa og víkka út vatnsæðar sem stíflast höfðu af borsvarfi í borun. Í öðru lagi gáfu ádælingar í mismunandi dýptarbil tækifæri til þess að kanna útbreiðslu þrýstiáhrifa ádælinganna í hverju bili með vatnsborðsmælingum í misdjúpum mælingaholum á svæðinu. Upplýsingar um útbreiðslu þrýstiáhrifanna auðveldaði staðsetningu vinnsluhola á Mosfellssveitar svæðinu eftir því sem borunum miðaði áfram auk þess sem þær eru gagnlegar við forðafræðilega úrvinnslu svæðisins.

4. AFMÖRKUÐ SVÆÐI

Vatnsvinnsla og þrýstiprófanir í holum MG-3 til MG-11, sem allar að MG-5 undanskilinni eru staðsettar í Reykjadal, höfðu leitt í ljós tvö afmörkuð svæði aðskilin af tregleiðandi jarðmyndunum, nema næst yfirborði þar sem vatnsleiðni er meiri. Þau voru nefnd "neðra" og "efra" svæði eða vestur- og austursvæði og var þá miðað við afstöðu þeirra til dælustöðvar hitaveitunnar í Reykjadal og landfræðilega legu þeirra eins og sýnt er á mynd 2. Viðbrögð vatnsstöðu mælingahola við ádælingum í mismunandi dýptarbil bentu til þess að tvívítt rennslismynstur væri ríkjandi í vatnsgengum jarðlögum innan svæðanna (sjá Þorsteinn Thorsteinsson og Jens Tómasson 1971 og Jens Tómasson og Þorsteinn Thorsteinsson 1971).

Eftir því sem borunum miðaði áfram og þrýstiprófanir voru gerðar í fleiri holum dreifðum á Mosfellssveitar svæðinu komu í ljós fleiri afmarkanir þar sem rennslitregða virtist vera yfir lóðrétt skil ef undan eru skildar efstu jarðmyndanirnar. Við Helgafell leiddu ádælingar í holur MG-13, MG-16 og MG-25 í Reykjadal og MG-19 og MG-37 í Mosfellsdal í ljós rennslitregðu til austurs, en nokkurra áhrifa gætti þó í mælingaholum á vestursvæðinu vegna dælinga í allflest dýptarbil ádælingaholanna. Þá voru áhrif frá ádælingum í holum MG-33, MG-34 og MG-36 ekki greind í mælingaholum við Reykjahlíð og því talið að þar kynni að vera um afmarkað svæði að ræða en hafa ber þó í huga að fjarlægðir milli hola eru miklar og Helgadalurinn það svæði í Mosfellssveit þar sem skammtíma dæluprófanir hafa sýnt hæsta vatnsleiðni milli hola ($0.03 \text{ m}^2/\text{s}$).

Skipting í afmörkuð svæði sem sýnd er á mynd 2 er greinilegust á austur- og vestursvæðunum í Reykjadal, þar sem flestar holur eru staðsettar, en kemur þó einnig vel fram á Helgafellssvæðinu, bæði í Reykjadal og Mosfellsdal. Skipting milli vestur og austursvæðis í Mosfellsdal eru ógreinilegri enda eru mælingaholur þar færri og fjarlægðir

víða miklar milli ádælinga og mælingahola. Bein áhrif milli Reykjadal og Mosfellsdals koma ekki fram í mælingaholum vegna ádælinga á vestur- og austursvæðunum eða í Helgadal. Þess er heldur varla að vænta því að fjarlægðir milli hola eru miklar (2-3 km) og vatnsleiðni víðast góð. Á Helgafellssvæðinu verða áhrif í MG-13, MG-16 og MG-25 frá ádælingum í MG-19 og MG-37 í Mosfellsdal, í um 2 km fjarlægð, hinsvegar mun meiri en vænta má vegna tvívíðs rennslis og gæti það bent til þröngrar vatns-gengrar rennu eða sprungukerfis milli holanna.

Greint er frá ádælingum í mismunandi dýptarbil ádælingaholanna MG-12 til MG-30 og MG-32 til MG-39 og áhrifum þeirra á vatnsborð mælingaholanna í kafla 5 hér á eftir. Vatnsborðsferlar mælingaholanna, sem víðast voru skráðir með siritum, en að öðrum kosti með stökum mælingum, eru sýndir á myndum 3-33. Myndirnar sýna einnig vatnsmagn sem dælt er í mismunandi dýptarbil ádælingaholanna og getið er vinnsluhola á svæðinu þar sem vitað er að dælur hafa verið stöðvaðar eða gangsettar. Á mörgum myndanna kemur einnig fram loftþrýstingur mældur á Reykjavíkurlugvelli en hækkun loftþrýstings um t.d. 10 mb veldur 5-7 cm lækku á vatnsborði í mælingaholum og öfugt ef loftþrýstingur lækkar.

5. EINSTAKAR ÞRÝSTIPRÓFANIR

MG-12. Dýpi 800 m. Fóðring 198 m.

Hola MG-12 er staðsett nálægt mörkum vestur- og austursvæðanna í Reykjadal (sjá mynd 2). Ádælingar voru gerðar á holuna í júní 1972 að aflokinni borun hennar. Var dælt í 7,5 klst. neðan pakkara í 669 m dýpi og síðan í 0,6 klst. ofan við hann í dýptarbilid 198-669 m. Að lokum var síðan dælt í þrepum á alla holuna til þess að meta afkastagetu hennar. Yfirlit yfir dýptarbil, vatnsmagn og dælingartíma er gefið í töflu 1.

Tafla 1. Hola MG-12.
Dýptarbil og vatnsmagn.

Dýptarb. (m)	Vatnsm. (m ³)	Dæling (l/s)	Dælingart. (klst.)
198-669	180	90	0,6
198-800	196	12-37	þrepadæling
669-800	1331	50	7,5

Vatnsborðsmælar voru í holum MG-9 og SR-36 á vestursvæði og holum MG-11 og SR-38 á austursvæðinu í Reykjadal. Vatnsborðsferlar mælingaholanna eru sýndir á mynd 3 en dýpi holanna og fjarlægðir þeirra frá MG-12 eru í töflu 2.

Tafla 2. Mælingaholur.
Dýpi og fjarlægð frá MG-12.

Hola	Dýpi (m)	Fjarlægð (m)
MG-9	1802	650
MG-11	1235	390
SR-36	400	910
SR-38	415	910

Áhrif frá dælingunni neðan pakkarans verða mest í MG-9, um 0,4 m, en minni í MG-11 og SR-38 og lítil sem engin í SR-36. Áhrif frá stuttri dælingu ofan við pakkarann koma fram í MG-11 og SR-38 á austursvæðinu. Þau eru þó ógreinileg vegna áhrifa frá vinnsluholunni MG-10, en dæla hennar var stöðvuð um svipað leyti og ádælingin var gerð. Áhrif þrepadælingarinnar eru 0,1-0,2 m í MG-11 og SR-38 á austursvæðinu en mun minni í MG-9 og SR-36 á vestursvæðinu. Í stórum dráttum virðist því efri hluti holu MG-12 vera tengdur holunum á austursvæðinu en neðri hlutinn aftur á móti tengdari holum á vestursvæðinu.

MG-13. Dýpi 1905 m. Fóðring 185 m.

Hola MG-13 er á Helgafellssvæðinu í Reykjadal. Dælt var í MG-13 í ágúst 1972, í tvö dýptarbil. Ofan við pakkara í 1262 m, í bilið 185-1262 m, og neðan hans í bilið

1262-1905 m. Auk þess var þrepaðelt í holuna alla, 185-1905 m (tafla 3).

Tafla 3. Hola MG-13.
Dýptarbil og vatnsmagn.

Dýptarb. (m)	Vatnsm. (m ³)	Dæling (l/s)	Dælingart. (klst.)
185-1262	1947	55	9,7
185-1905	270	15-40	þrepaðelt
1262-1905	974	39	7,0

Dýpi mælingahola og fjarlægðir þeirra frá MG-13 eru í töflu 4 en mynd 4 sýnir vatnsborð í holunum á meðan dælt var í MG-13.

Tafla 4. Mælingaholur.
Dýpi og fjarlægð frá MG-13.

Hola	Dýpi (m)	Fjarlægð (m)
MG-9	1803	730
MG-11	1235	750
MG-12	800	420
SR-34	458	1070
SR-35	491	310
SR-36	400	1090
SR-38	415	1230

Marktækra áhrifa frá dælingu í neðra bilið, 1262-1905 m, gætti ekki í vatnsborði mælingaholanna, en við ádælingu í efra bilið ofan við 1262 m, varð hækkun mest, um 0,9 m, í SR-35, 0,5 m í MG-12 en mun minni, eða nálægt 0,1 m, í MG-9 MG-1 og SR-34.

MG-14. Dýpi 2034 m. Fóðring 214 m.

Hola MG-14 er á vestursvæðinu í Reykjadal. Dælt var í dýptarbilin 214-800 m, 214-2034 m, 585-2034 m og 800-2034 m. Dýptarbil, vatnsmagn og dælingartími eru gefin í töflu 5 ásamt þeirri dælingu sem var að jafnaði á hvert bil.

Tafla 5. Hola MG-14.
Dýptarbil og vatnsmagn.

Dýptarb. (m)	Vatnsm. (m ³)	Dæling (l/s)	Dælingart. (klst.)
214-800	1256	47	7,4
214-2034	490	12-50	þrepaðelt
585-2034	2646	32	23,0
800-2034	112	31	1,0

Vatnsborð var mælt í fjórum holum MG-11, MG-12, SR-19 og SR-39, og eru nokkur vatnsborðsgögn til úr þeim öllum, en einungis úr einni, MG-11, fyrir allt dælingartímabilið. Vatnsborðsferlarnir eru sýndir á mynd 5 en dýpi mælingaholanna og fjarlægðir þeirra frá MG-14 eru í töflu 6.

Tafla 6. Mælingaholur.
Dýpi og fjarlægð frá MG-14.

Hola	Dýpi (m)	Fjarlægð (m)
MG-11	1235	750
MG-12	800	430
SR-19	506	60
SR-39	377	240

Áhrif eru mikil í SR-19 vegna stuttrar dælingar í dýptarbilið 214-2034 m en marktækra áhrifa gætir hvorki í SR-19 né MG-11 vegna dælingar í dýptarbilið 585-2034 m. Í MG-12 og SR-39 verður 0,1-0,2 m hækkun vegna dælingar í bilið 214-800 m en lítil sem engin í MG-11.

MG-15. Dýpi 1988 m. Fóðring 211 m.

Hola MG-15 er á vestursvæðinu í Reykjadal skammt NA af MG-14. Dælt var í holuna í janúar 1973 ofan og neðan við pakkara í 990 m dýpi auk þess sem dælt var í þrepum í holuna alla. Vatnsmagn, dæling og dælingartími eru í töflu 7.

Tafla 7. Hola MG-15.
Dýptarbil og vatnsmagn.

Dýptarb. (m)	Vatnsm. (m ³)	Dæling (l/s)	Dælingart. (klst.)
211-990	3143	46	19,1
211-1988	291		þrepaðælt
990-1988	1916	31	17,0

Mælingaholur á meðan dælt var í MG-15 voru sex talsins, þar af fjórar, MG-4, SR-34, SR-35 og SR-39 á vestursvæði, en tvær á austursvæðinu, MG-11 og SR-38. Tafla 8 sýnir dýpi mælingaholanna og fjarlægðir frá MG-15 en vatnsborðsferlar holanna eru á mynd 6.

Tafla 8. Mælingaholur.
Dýpi og fjarlægð frá MG-15.

Hola	Dýpi (m)	Fjarlægð (m)
MG-11	1235	530
MG-14	2034	130
SR-34	458	640
SR-35	491	210
SR-38	415	790
SR-39	377	200

Ádæling í neðra bilið, 990-1988 m, hafði óveruleg áhrif á vatnsborð mælingaholanna mest þó í MG-14 (0,6 m) sem er næst MG-15 (130 m) og nokkur (0,2 m) í SR-34 sem er á vestursvæðinu 640 m frá MG-15. Meiri hækkun varð í mælingaholunum vegna dælingar í bilið 211-990 m, sérstaklega í næstu holum, MG-14 og SR-35 á vestursvæðinu, en einnig í fjarlægari holum eins og SR-34 á vestursvæði og SR-38 á austursvæðinu í Reykjadal.

MG-16. Dýpi 2033 m. Fóðring 217 m.

Hola MG-16 er á Helgafellssvæði skammt norðan við MG-13. Dælt var í hana ofan og neðan við pakkara í 929 m dýpi í febrúar - mars 1973, auk þess sem þrepaðælt var skamma stund í hana alla til mats á afkastagetu hennar (tafla 9).

Tafla 9. Hola MG-16.
Dýptarbil og vatnsmagn.

Dýptarb. (m)	Vatnsm. (m ³)	Dæling (l/s)	Dælingart. (klst.)
217-929	3948	58	19,0
217-2033	493	15-57	þrepaðælt
929-2033	3151	30	29,0

Vatnsborðsmælar voru í holu SR-38 á austursvæði, MG-15 og SR-34 á vestursvæði og SR-35 á mörkum Helgafellssvæðis. Tafla 10 er yfirlit yfir mælingaholurnar, dýpi þeirra og fjarlægðir frá MG-16, en vatnsborðsferlar eru sýndir á mynd 7.

Tafla 10. Mælingaholur.
Dýpi og fjarlægð frá MG-16.

Hola	Dýpi (m)	Fjarlægð (m)
MG-15	1988	680
SR-34	458	1310
SR-35	491	550
SR-38	415	1450

Áhrifa frá ádælingunum í bæði bilin gætti í MG-15, um 0,7 m vegna hvors bils. Marktæk áhrif komu ekki fram í SR-34 og SR-38 vegna neðra bilsins en 0,2-0,3 m hækkun varð aftur á móti í holunum vegna dælingar í efra bilið, 217-929 m. Hækkunin í MG-15 er tiltölulega meiri vegna dælingar í neðra bilið, 929-2033 m, þegar tekið er tillit til þess að vatnsmagn var þar um helmingi minna en í efra bilinu.

MG-17. Dýpi 1766 m. Fóðring 390 m.

Hola MG-17 er staðsett á austursvæðinu í Reykjadal skammt NA af MG-10. Fóðring MG-17 er um það bil helmingi lengri (390 m) en fóðring annara vinnsluhola á Mosfellssveitarsvæðinu, en eitt af markmiðum holunnar var að kanna vatnsgæfni og hitaástand jarðhitasvæðisins neðan við botn MG-10 (1045 m). Dælt var í MG-17 í apríl 1973 ofan og neðan við pakkara í 1111 m, neðan við pakkara í 446 m og á holuna alla

neðan fóðringar í stuttri þrepaðælingu (tafla 11).

Tafla 11. Hóla MG-17.
Dýptarbil og vatnsmagn.

Dýptarb. (m)	Vatnsm. (m ³)	Dæling (l/s)	Dælingart. (klst.)
390-1111	1996	59	9,4
390-1766	378	18-50	þrepaðelt
446-1766	1900	53	10,0
1111-1766	1650	45	10,1

Vatnsborð var skráð í hólum SR-38 á austursvæði, SR-34 og SR-35 á vestursvæði, MG-16 á Helgafellssvæði og NR-15 í Mosfellsdal. Dýpi mælingaholanna og fjarlægðir þeirra frá MG-17 er að finna í töflu 12 en mynd 8 sýnir vatnsborðsferla þeirra, vatnsmagn MG-17 og loftþrýsting á Reykjavíkurflogvelli.

Tafla 12. Mælingaholur.
Dýpi og fjarlægð frá MG-17.

Hóla	Dýpi (m)	Fjarlægð (m)
MG-16	2033	1320
SR-34	458	620
SR-35	491	920
SR-38	415	290
NR-15	353	2840

Marktæk áhrif frá ádælingunum koma einungis fram í vatnsborði hólum SR-38. Hækkunin er mest (um 1,0 m) vegna efsta bilsins 390-1111 m, en minni (0,2 m) vegna bilsins 446-1776 m og lítill sem engin vegna neðsta bilsins, 1111-1766 m.

Vatnsborðshækkunarir (0,1-0,2 m) sem verða í öðrum mælingahólum meðan á ádælingum stóð gætu að einhverju leyti verið vegna áhrifa frá þeim en eru þó væntanlega að mestu leyti vegna áhrifa frá lakkandi loftþrýstingi.

MG-18. Dýpi 2043 m. Fóðring 187 m.

Hóla MG-18 er miðsvæðis á vestursvæðinu í Reykjadal, skammt NV frá hólum MG-6. Ádælingar voru gerðar í hólum í maí 1974 að aflokinni borun í 2043 m. Dælt var í fimm dýptarbil, 187-1524 m, 187-2043 m, 842-2043 m, 1344-2043, og 1524-2043 m, samtals um 5590 m³ (tafla 13).

Tafla 13. Hóla MG-18.
Dýptarbil og vatnsmagn.

Dýptarb. (m)	Vatnsm. (m ³)	Dæling (l/s)	Dælingart. (klst.)
187-842	1130	60	5,2
187-1524	1000	58	4,7
187-2043	280	18-50	þrepaðelt
842-2043	959	47	5,7
1344-2043	1620	42	10,6
1524-2043	600	37	4,5

Vatnsborðsmælar voru í alls sjö mælingahólum. Hólum MG-2, MG-17 og SR-38 á austursvæði, MG-15 og SR-34 á vestursvæði, MG-16 á Helgafellssvæði og MG-5 í Mosfellsdal. Dýpi mælingahola og fjarlægðir þeirra frá MG-18 eru gefnar í töflu 14 og vatnsborðsferlar fyrir dælingatímabilið eru sýndir á mynd 9.

Tafla 14. Mælingaholur.
Dýpi og fjarlægð frá MG-18.

Hóla	Dýpi (m)	Fjarlægð (m)
MG-2	1191	670
MG-5	1592	2950
MG-15	1988	210
MG-16	2033	890
MG-17	1766	540
SR-34	458	450
SR-38	415	580

Áhrif koma fram í vatnsborði MG-15 vegna dælinga í öllum dýptarbilin. Mest er hækkunin um 4 m vegna bilanna 187-842 m og 187-1524 m en minnst, 0,3-0,4 m, vegna dælingar í neðsta bilið 1524-2043 m. Áhrif í SR-34 eru allt að 1,2 m vegna dælinga neðan fóðurrörs í bilið 187-1524 m og merkjanleg

(0,2 m) vegna ádælingar neðan við pakkara í 842 m.

Lítill áhrif koma fram á austursvæðinu í MG-2 og MG-17, en þó nokkur (0,5 m) í SR-38, vegna ádælingar ofan við pakkara í efstu bilin. Áhrif eru engin í MG-5 í Mosfellsdal og ekki marktæk í MG-16 á Helgafellssvæði.

MG-19. Dýpi 1513 m. Fóðring 187 m.

Hola MG-19 er vestarlega í Mosfellsdal. Ádælingar voru gerðar í holuna í júní 1974 og var dælt í dýptarbilin 187-1070 m, 1070-1513 m og 187-1513 m auk óverulegrar dælingar í bilið 344-1513 m (sjá töflu 15).

Tafla 15. Hola MG-19.
Dýptarbil og vatnsmagn.

Dýptarb. (m)	Vatnsm. (m ³)	Dæling (l/s)	Dælingart. (klst.)
187-1070	2101	58	10,1
187-1513	513	20-56	þrepaðælt
344-1513	200	58	1,0
1070-1513	1178	40	8,1

Síritandi vatnsborðsmælar voru í holum MG-17 og SR-38 á austursvæði og í MG-18 á vestursvæði í Reykjadal. Ennfremur í MG-16 á Helgafellssvæði og í MG-5 og NR-15 í Mosfellsdal. Þá voru gerðar stakar mælingar 18.-19. júní 1974 í holum MG-6, MG-13 og höggborsholu C við Reykjaland. Dýpi mælingahola og fjarlægðir þeirra frá MG-19 koma fram í töflu 16 en vatnsborðsferlar mælingaholanna og ádælingar eru sýnd á mynd 10.

Tafla 16. Mælingaholur.
Dýpi og fjarlægð frá MG-19.

Hola	Dýpi (m)	Fjarlægð (m)
MG-5	1592	710
MG-6	1416	2660
MG-13	1905	2060
MG-16	2033	1840
MG-17	1766	2860
MG-18	2043	2640
SR-38	415	3100
NR-15	353	320

Áhrifa frá ádælingum í MG-19 gætir hvorki í MG-17 og SR-38 á austursvæði né í MG-6 eða MG-18 á vestursvæði í Reykjadal. Hinsvegar kemur fram talsverð hækkun í holum MG-13 og MG-16 á Helgafellssvæði við ádælingu í öll dýptarbilin, mest í bilið 1070-1513 m (0,3-0,5 m). Áhrifa gætir ekki í MG-5 í Mosfellsdal en í holu NR-15 verður meira en 0,5 m hækkun vegna bilsins 187-1070 m en engin vegna bilsins 1070-1513 m.

MG-20. Dýpi 2030 m. Fóðring 202 m.

Hola MG-20 er staðsett á mörkum vestarsvæðis Reykjadals og Helgafellssvæðis. Dælt var í holuna í ágúst, 1973 og var alls dælt í sjö dýptarbil auk holunnar allrar neðan fóðringar í tveimur þrepaðælingum (sjá töflu 17).

Tafla 17. Hola MG-20.
Dýptarbil og vatnsmagn.

Dýptarb. (m)	Vatnsm. (m ³)	Dæling (l/s)	Dælingart. (klst.)
202-903	858	60	4,0
202-1047	2409	61	10,9
202-1139	894	53	4,7
202-2030	760	17-48	þrepaðælt
903-2030	1926	38	14,0
1047-2030	730	35	5,8
1139-2030	1035	33	8,8
1300-2030	832	28	8,2

Á meðan dælt var voru vatnsborðsmælar í

sex holum, MG-2 á austursvæði, MG-15 og MG-18 á vestara svæði í Reykjadal, MG-16 á Helgafellssvæði og MG-5 og NR-15 í Mosfellsdal. Ádælingar og áhrif þeirra á vatnsborð mælingaholanna eru sýndar á mynd 11, en skrá yfir dýpi og fjarlægðir mælingahola frá MG-20 er í töflu 18.

Tafla 18. Mælingaholur.
Dýpi og fjarlægð frá MG-20.

Hola	Dýpi (m)	Fjarlægð (m)
MG-2	1191	900
MG-5	1592	2490
MG-15	1988	310
MG-16	2033	390
MG-18	2043	520
NR-15	353	2190

Áhrifa frá ádælingunum gætti ekki í MG-5 og NR-15 í Mosfellsdal og einungis óverulega (5-10 cm) í MG-2 vegna dælingar í efsta hluta MG-20. Áhrif eru hinsvegar mikil (4-6 m) í MG-15 og MG-18 vegna efsta bilsins, en mun minni vegna dýptarbilsins neðan 903 m (0,8-1,1 m) og minnst (0,1-0,2 m) vegna bilsins 1300-2030 m. Í MG-16 á Helgafellssvæði varð 0,7 m hækkun vegna dælingar bæði ofan og neðan við 903 m en mun minni vegna bilanna neðan 1047 m og jafnvel óveruleg í neðsta bilinu neðan 1300 m. Mælingaferill MG-16 er þó að hluta til truflaður vegna gangsetningar og stöðvunar dælu MG-13 á ádælingartímabilinu.

MG-21. Dýpi 1768 m. Fóðring 144 m.

Hola MG-21 er við Æsustaði í Mosfellsdal. Dælt var í þrjú dýptarbil 144-1768, 549-1768 og 964-1768 m (tafla 19).

Tafla 19. Hola MG-21.
Dýptarbil og vatnsmagn.

Dýptarb. (m)	Vatnsm. (m ³)	Dæling (l/s)	Dælingart. (klst.)
144-1768	1115	61	5,1
144-1768	376	13-50	þrepaðæling
549-1768	1413	45	8,7
964-1768	1263	39	8,9

Vatnsborðsmælar voru í holum MG-5 og NR-15 í Mosfellsdal, SR-23 á austursvæði og MG-20 og SR-34 á vestursvæði. Punkta-mælingar voru gerðar í MG-16 á Helgafellssvæði. Ádælingar og áhrif þeirra eru sýndar á mynd 12 en dýpi mælingahola og fjarlægðir þeirra frá MG-21 eru í töflu 20.

Tafla 20. Mælingaholur.
Dýpi og fjarlægð frá MG-21.

Hola	Dýpi (m)	Fjarlægð (m)
MG-5	1592	320
MG-16	2033	2440
MG-17	1766	3090
MG-19	1513	1020
MG-20	2030	2620
SR-23	560	2910
SR-34	458	3470
NR-15	353	710

Áhrifa frá ádælingum og loftdælingu í MG-21 2.okt. 1974 gætti ekki í öðrum holum en holu MG-5 í Mosfellsdal. Hækkun í MG-5 varð 0,5-0,6 m vegna dælingar í bilið neðan fóðringar, 144-1768 m, en minni, 0,1-0,2 m, vegna neðri bilanna.

MG-22. Dýpi 1487 m. Fóðring 198 m.

Hola MG-22 er austasta holan á austursvæðinu í Reykjadal. Dælt var í holuna í nóvember 1973 í dýptarbilin 198-503 m, 503-1487 m og 1155-1487 m (tafla 21).

Tafla 21. Hóla MG-22.
Dýptarbil og vatnsmagn.

Dýptarb. (m)	Vatnsm. (m ³)	Dæling (l/s)	Dælingart. (klst.)
198-503	1343	79	4,7
503-1487	1505	56	7,5
1155-1487	874	25	9,7

Vatnsborðsmælar voru í holum MG-2, SR-23, SR-38 og SR-43 á austursvæði, í MG-15 og MG-20 á vestursvæði, í MG-16 á Helgafellssvæði og MG-5, MG-21 og NR-15 í Mosfellsdal (sjá töflu 22 og mynd 13).

Tafla 22. Mælingaholur.
Dýpi og fjarlægð frá MG-22.

Hóla	Dýpi (m)	Fjarlægð (m)
MG-2	1191	130
MG-5	1592	2680
MG-15	1988	740
MG-16	2033	1170
MG-20	2033	830
MG-21	1768	2700
SR-23	560	400
SR-38	415	680
SR-43	293	720
NR-15	353	2480

Áhrif frá ádælingu komu ekki fram annarsstaðar en á austursvæðinu. Mest voru áhrifin í MG-2 vegna bilanna neðan 198 m og 503 m (um 1,0 m), en 0,4 m vegna bilsins 1155-1487 m. Í öðrum holum á austursvæðinu SR-23, SR-38 og SR-43 voru áhrif minni (0,3 m) vegna efsta bilsins neðan 198 m, en óveruleg vegna neðri bilanna. Áhrif loftþrýstingsbreytinga á vatnsborð komu greinilega fram í flestum mælingaholunum (mynd 13).

MG-23. Dýpi 1202 m. Fóðring 207 m.

MG-23 er ein af syðri vinnsluholunum á austursvæðinu í Reykjadal. Dælt var í MG-23 í janúar 1974 í dýptarbilin 207-624 m, 624-1202 m og þerpadælt þrívægis í holuna

alla neðan fóðringar, 207-1202 m (tafla 23).

Tafla 23. Hóla MG-23.
Dýptarbil og vatnsmagn.

Dýptarb. (m)	Vatnsm. (m ³)	Dæling (l/s)	Dælingart. (klst.)
207-624	566	112	1,4
207-1202	560	20-75	þerpadælt
624-1202	3130	61	14,3

Vatnsborðsmælar voru í átta holum, holum MG-2, SR-38 og SR-43 á austursvæði, MG-15 og MG-20 á vestursvæði, MG-16 á Helgafellssvæði og MG-21 og NR-15 í Mosfellsdal. Dýpi mælingahola og fjarlægðir þeirra frá MG-23 eru gefnar í töflu 24 en vatnsborðsferlar eru sýndir á mynd 14.

Tafla 24. Mælingaholur.
Dýpi og fjarlægð frá MG-23.

Hóla	Dýpi (m)	Fjarlægð (m)
MG-2	1191	260
MG-15	1988	850
MG-16	2033	1440
MG-20	2030	1060
MG-21	1768	3090
SR-38	415	370
SR-43	293	340
NR-15	353	2880

Hækkun varð í mælingaholum á austursvæðinu vegna dælingar í efsta bilið 207-624 m, mest í MG-2 (1,7 m) en minni í SR-38 og SR-43 (0,3 og 0,4 m). Nokkur hækkun (um 0,4 m) varð í SR-38 og SR-43 við dælingu í bilið 624-1202 m, en hækkun sem varð í öðrum mælingaholum um svipað leyti, bæði á vestursvæði í Reykjadal og í Mosfellsdal, er sennilega vegna vinnslutrufflana á svæðinu.

MG-24. Dýpi 1950 m. Fóðring 203 m.

Hóla MG-24 er staðsett norðarlega á austursvæði í Reykjadal. Ádælingar voru gerðar í febrúar 1974 og var dælt í alls sex

dýptarbil (tafla 25).

Tafla 25. Hola MG-24.
Dýptarbil og vatnsmagn.

Dýptarb. (m)	Vatnsm. (m ³)	Dæling (l/s)	Dælingart. (klst.)
203-1320	747	106	2,0
203-1401	1147	103	3,1
203-1950	1818	102	4,9
1198-1950	340	45	2,1
1320-1950	1345	46	8,1
1401-1950	386	44	2,4
203-1950	1170	20-60	þrepaðælt

Vatnsborðsmælar voru í holum MG-2, MG-23, SR-38 og SR-43 á austursvæði, MG-15 og MG-20 á vestursvæði, MG-16 á Helgafellssvæði og MG-21 og NR-15 í Mosfellsdal (mynd 15, tafla 26).

Tafla 26. Mælingaholur.
Dýpi og fjarlægð frá MG-24.

Hola	Dýpi (m)	Fjarlægð (m)
MG-2	1191	310
MG-15	1988	570
MG-16	2033	960
MG-20	2030	570
MG-21	1768	2630
MG-23	1202	540
SR-38	415	740
SR-43	293	830
NR-15	353	2360

Áhrif frá dælingu í neðsta bilið, neðan 1320 m, voru óveruleg eða ómarktæk í öllum mælingaholunum. Nokkur áhrif komu fram í holum á austursvæðinu vegna dælinga í önnur dýptarbil en engin í holum á öðrum svæðum. Hækkun vegna dælinga neðan 203 m varð 0,5-0,6 m í holunum á austursvæðinu, MG-2, MG-23, SR-38 og SR-43.

MG-25. Dýpi 2025 m. Fóðring 204 m.

Hola MG-25 er nyrsta hola á Helgafellssvæðinu. Ádælingar voru gerðar í mars 1974 og var dælt í alls fjögur dýptarbil (tafla 27).

Tafla 27. Hola MG-25.
Dýptarbil og vatnsmagn.

Dýptarb. (m)	Vatnsm. (m ³)	Dæling (l/s)	Dælingart. (klst.)
204-758	3900	84	12,9
204-2025	437	20-50	þrepaðælt
552-2025	3248	45	20,1
758-2025	1290	34	10,6

Vatnsborðsmælar voru í holum MG-2 og MG-23 á austursvæði, MG-15 og MG-20 á vestursvæði, MG-16 á Helgafellssvæði og MG-21 og NR-15 í Mosfellsdal. Vatnsborðsferlar mælingaholanna eru sýndir á mynd 16 en dýpi holanna og fjarlægðir frá MG-25 eru í töflu 28.

Tafla 28. Mælingaholur.
Dýpi og fjarlægð frá MG-25.

Hola	Dýpi (m)	Fjarlægð (m)
MG-2	1191	1350
MG-15	1988	700
MG-16	2033	170
MG-20	2030	460
MG-21	1768	2580
MG-23	1202	1510
NR-15	353	2060

Áhrif frá ádælingum í öll dýptarbilin komu best fram í MG-16 á Helgafellssvæði. Hækkunin varð mest 5,3 m vegna dælingar í bilið 552-2025 m en mun minni (0,7-1,8 m) vegna bilanna 204-758 m og 758-2035 m. Minni áhrif komu einnig fram á vestursvæðinu í MG-15 og MG-20 (0,5-0,8 m) vegna bilsins 552-2035. Í MG-2 og MG-23 á austursvæði og MG-21 og NR-15 í Mosfellsdal komu marktæk áhrif frá ádælingunum hinsvegar ekki fram.

MG-26. Dýpi 867 m. Fóðring 200 m.

Hola MG-26 er á austursvæðinu í Reykjadal. Dælt var í dýptarbilin 200-738 m, 729-867 m, 738-867 m og þrepadælt í bilið 200-867 m í júlí 1974. (tafla 29).

Tafla 29. Hola 26.
Dýptarbil og vatnsmagn.

Dýptarb. (m)	Vatnsm. (m ³)	Dæling (l/s)	Dælingart. (klst)
200-738	1155	87	3,7
200-867	60	22-43	þrepadæling
729-867	439	59	2,1
738-867	3004	60	14,0

Vatnsborðsmælar voru í holum MG-7, MG-23 og SR-43 á austursvæði, MG-15 og MG-20 á vestursvæði, MG-16 og MG-25 á Helgafellssvæði og MG-21 og NR-15 í Mosfellsdal. Auk þess voru gerðar misjafnlega þéttar punktamælingar í átta holum á austur og vestur svæðunum í Reykjadal. Vatnsborðsferlar úr holum á austursvæði og í Mosfellsdal eru sýndir á mynd 17 en ferlar úr holum á vestursvæði og Helgafellssvæði eru á mynd 18 ásamt vatnsmagni og dælingatíma í MG-26. Dýpi mælingahola og fjarlægðir þeirra frá MG-26 eru í töflu 30.

Tafla 30. Mælingaholur.
Dýpi og fjarlægð frá MG-26.

Hola	Dýpi (m)	Fjarlægð (m)
MG-1	1377	1110
MG-7	1484	530
MG-10	1045	300
MG-15	1988	780
MG-16	2033	1280
MG-17	1760	260
MG-18	2043	670
MG-21	1768	2860
MG-23	560	230
MG-24	1950	330
MG-25	2025	1370
SR-34	458	860
SR-38	450	550
SR-41	462	700
SR-43	294	570
NR-15	353	2650

Á austursvæðinu gætir áhrifa mest í holu MG-23 vegna dýptarbilsins 729-867 m, um 3,1 m. Áhrifin eru minni í MG-23 vegna bilsins 200-738 m, en eru þá hinsvegar meiri í MG-7 og SR-43, en þau voru vegna fyrrgreinda bilsins. Lítilsháttar hækkun, 0,1-0,2 m varð í MG-15 og MG-20 á vestursvæði á meðan dælt var í bilið 738-867 m svo og í MG-21 og NR-15 í Mosfellsdal. Engin áhrif komu fram í MG-16 og MG-25 á Helgafellssvæðinu. Tiltölulega mikil hækkun sem kemur fram í stökum mælingum í vinnsluholunni MG-18 á vestursvæðinu (mynd 18) við ádælingar í bilin 200-738 m (1,9 m) og 738-867 m (0,3 m) gæti orsakast af ójafnri dælingu úr vinnsluholunni sjálfri en getur einnig verið vísbending um vatnsleiðni milli svæðanna í þessum dýptarbilum.

MG-27. Dýpi 2003 m. Fóðring 196 m

Hola MG-27 er á austursvæðinu í Reykjadal. Ádælingar í holuna voru gerðar í september 1974. Dælt var í alls sex dýptarbil og er tafla 31 yfirlit yfir ádælingarnar.

Tafla 31. Hóla MG-27.
Dýptarbil og vatnsmagn.

Dýptarb. (m)	Vatnsm. (m ³)	Dæling (l/s)	Dælingart. (klst.)
196-835	2574	83	8,6
196-1217	992	60	4,6
196-2003	845	15-43	þrepaðælt
835-2003	688	50	3,8
951-2003	2309	48	13,3
1217-2003	1121	39	7,9

Vatnsborðsmælar voru í 10 holum. MG-2, MG-7, MG-23, MG-26 og SR-43 eru á austursvæði í Reykjadal, MG-20 er á vestursvæðinu, MG-16 og MG-25 á Helgafellssvæði, en MG-21 og NR-15 í Mosfellsdal. Vatnsborðsferlarnir eru sýndir á mynd 19, en dýpi og fjarlægð mælingahóla frá MG-27 má sjá í töflu 32.

Tafla 32. Mælingaholur.
Dýpi og fjarlægð frá MG-27.

Hóla	Dýpi (m)	Fjarlægð (m)
MG-2	1191	70
